

# Minnisblað

Til:  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 7. nóvember 2017  
Mnr. 2017080006



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - stílsnið.docx

Artic Sea Farm hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matáætlun vegna aukinnar framleiðslu á laxi í Dýrafirði á Artic Sea Farm, aukning um 5800 tonn.

Í umsögn á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort umsagnaraðili geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig það standi til að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif. Hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu.

### Matsáætlun

*Framkvæmdaraðili hefur matsferlið með því að vinna tillögu að matsáætlun þar sem framkvæmdin er kynnt og lýst er hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.*

*Framkvæmdaraðili kynnir tillöguna á vinnslustigi fyrir umsagnaraðilum og almenningi og gefur tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við tillöguna.*

### Frummatsskýrsla

*Framkvæmdaraðili metur umhverfisáhrif framkvæmdar í samræmi við matsáætlun og setur niðurstöður matsins fram í frummatsskýrslu.*

*Þegar framkvæmdaraðili hefur lokið við gerð frummatsskýrslu, leggur hann hana fram til Skipulagsstofnunar. Þegar stofnunin hefur gengið úr skugga um að frummatsskýrslan sé í samræmi við matsáætlun um framkvæmdina og ákvæði laga og reglugerðar, kynnir hún frummatsskýrsluna á vef stofnunarinnar og með auglýsingu í fjölmiðlum og leitar umsagna umsagnaraðila. Almenningsi gefst þá kostur á að kynna sér framkvæmdina og umhverfismat hennar og koma á framfæri athugasemdum við umhverfismatið.*

Skipulags- og mannvirkjanefnd hefur áður tekið við erindi er varðar Artic Fish, t.a.m. á fundi nr. 481 þar sem var óskað eftir umsögn bæjaryfirvalda á matsáætlun vegna „Framleiðsluaukningu yr 2000 tonnum í 4000 tonn“

Eftirfarandi var bókað á fundi 481.

*Skipulags og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í áform Arctic Sea Farm, um aukna framleiðslu á laxfiski í Dýrafirði úr 4200 tonnum í 10.000 tonn á ári.*

*Samkvæmt mati Hafrannsóknarstofnunar er Dýrafförður talinn þola eldi á allt að 10 þúsund tonnum og er súrefnisbúskapur fjarðarins jafnvel talinn þola allt að 40% meira eldi en það. Áhrif uppsöfnunar næringarefna frá eldinu eru talin hafa mjög takmörkuð áhrif á botndýralíf á svæðinu, en með umhverfissvöktun er ætlun framkvæmdaraðila að fylgjast með mögulegum áhrifum á það og verða kvíabýrþingar færðar til ef talið verður tilefni til. Í Dýrafirði og í nágrenni hans eru engar laxveiðiar og er því samkvæmt áhættumati Hafró engin áhætta fyrir villta laxfiskstofna af hugsanlegum strokufiski frá eldinu.*

Er það því mat skipulags og mannvirkjanefndar að stækkunaráform fyrirtækisins séu rökrétt í framhaldi af ágætum árangri síðustu ára og áform um viðbrögð þess eðlis að neikvæð umhverfisáhrif verða í algeru lágmarki.

Aðkoma skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar og álit þetta er byggt á þeirri staðreynd að bæjarfélagið og íbúar þess hafa hagsmuni af því að nýting lands og nærliggjandi sjávar, sé í sátt við umhverfi og íbúa. Jafnframt er mjög mikilvægt að nærliggjandi auðlindir séu nýttar með einhverjum hætti, til hagsbóta fyrir samfélagið.

Í fjölda ára hefur skipulagsnefnd og bæjarstjórn ítrekað það álit að bryn þörf sé á að strandsvæði séu skipulögð og að skipulagsvaldið verði í höndum sveitarfélaganna. Það álit er hér ítrekað, en í því tilfelli sem um ræðir skal þó á það bent að önnur nýting strandsvæðis á þeim reitum sem ætlaðir eru til eldis, er í dag lítið sem ekkert. Líklegt má því telja að skipulagning á nýtingu fjarðarins verði vel framkvæmanleg í samvinnu við umsækjanda og aðra mögulega hagsmunaaðila.

Skv. Áhættumati er hámarkseldi í Dýrafirði 10.000 tonn skv. erfðablöndumati, Hér er tillaga að matsáætlun fyrir 10.000 tonna eldi eða samtals 5.800 tonna framleiðsluaukningu á fjórum aðskildum svæðum í Dýrafirði.

- **Hvöld svæða og sjúkdómavarnir**

- Þegar slátrun er lokið úr öllum kvíum í firðinum að hausti á þriðja ári eru eldiskvíar fjarlægðar og svæðið hvílt að lágmarki í þrjá mánuði og allt að sex mánuði. Almennt talið að þriggja mánaða hvíldartími sé nægur til að tryggja að lúsasmit berist ekki á milli kynslóða.
  - ✓ „Almennt talið“ mætti vísa í heimild fyrir þessari fullyrðingu. Mögulega geta aðstæður verið þannig í Dýrafirði að hreinsun svæðis sé hægari en það sem almennt er talið, þ.e. þrjú mánuðir mögulega of skammur tími, vegna sjávarfalla og strauma. Vöktun þarf að vera með skilvirkum hætti m.t.t. umhverfisvísa og viðmið.

- Í matsáætlun er því list hvernig samræming fyrirhugaðra framkvæmdar við aðrar áætlanir verður háttáð í Umhverfismati, bls. 23

- Engar tengingar eru við strandsvæðaskipulag, þyrfti mögulega að vísa til þess komi strandsvæðaskipulag til framkvæmda.

Nefndin bókaði eftirfarandi við matsáætlun Háafells í Ísafjarðardjúpi á fundi 451.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu að matsáætlun.*

*Nefndin telur afleitt að enga stefnumörkun stjórnvalda er að finna um sjókvíaeldi á Vestfjörðum, fremur en annars staðar. Sérstaklega er þetta slæmt í ljósi þess að sveitarfélögin hafa ekki skipulagsvald yfir aðliggjandi strandsvæðum, fjörðum og flóum.*

*Að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og Fjórðungssambands var unnin nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð og í þessu tilfelli hefði slík áætlun verið til mikilla bóta.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd vill því ítreka þá skoðun sína að æskilegt er að sveitarfélög ráði skipulagi strandsjávar út að 1 sjómílu frá grunnlínu.*

*Inga S. Ólafsdóttir vék af fundi undir þessum lið.*